

Reglugerð um tæknilega tengiskilmála hitaveitna.

I. KAFLI

Gildissvið, skilgreiningar og umsóknir.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir fyrir rekstur veitukerfa hitaveitna og tengingu hitakerfa við veitukerfi hitaveitna.

2. gr.

Orðskýringar og skilgreiningar.

1. *Bakrás*: Sá hluti hitakerfis þar sem hitaveituvatni er veitt út af hitakerfi húsnæðis eftir notkun.
2. *Eigandi*: Eigandi fasteignar, húss eða annars mannvirkis sem tengist veitukerfi hitaveitunnar.
3. *Einfalt veitukerfi*: Er þegar dreifikerfi hitaveitunnar er aðeins byggt upp af framrásarpípum og bakrásarvatni er veitt í fráveitukerfi húsa. Bakrásarþrýstingur hitakerfa er þá myndaður með þar til gerðum mótþrýstiloka.
4. *Einkaleyfi*: Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra veitir einkaleyfi til rekstrar hitaveitu á tilteknu svæði, sbr. 30. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum. Í einkaleyfi felst einkaréttur til dreifingar og sölu á heitu vatni og varma til almenningsþarfa á veitusvæðinu.
5. *Framrás*: Sá hluti hitakerfis sem tekur við og veitir hitaveituvatni inn á hitakerfi húsnæðis.
6. *Fráveitukerfi*: Samheiti yfir skólp-, dren- og/eða grávatnslagnir.
7. *Gjaldskrársvæði*: Hitaveitan getur haft fleiri en eitt gjaldskrársvæði á veitusvæði sínu. Gjaldskrársvæði getur verið hluti veitukerfis eða sjálfstætt veitukerfi t.d. þar sem um er að ræða staðbundin rekstrarskilyrði.
8. *Grávatn*: Grávatn er frárennslisvatn frá heimilum annað en skólp og regnvatn, s.s. bakrásarvatn hitaveitu, frárennsli frá sturtum, baðvöskum o.fl. sem ekki eða lítt er gerlamengað.
9. *Heimæð*: Heimæð getur verið hluti veitukerfis eða í eigu eiganda og liggur frá götulögn eða tengibrunni og inn fyrir húsvegg eða í utanhúss tengiskáp eigandans, til og með inntaksloka. Heimæðin er eign hitaveitunnar nema að kveðið sé á um annað í almennri reglugerð hennar eða sérsamningi.
10. *Heitavatnsmælir*: Heitavatnsmælir er mælitæki til mælingar á afhentu magni af heitu vatni, sbr. reglugerð nr. 1062/2008, um mælifræðilegt eftirlit með vatnsmælum. Mælivísun heitavatnsmæla er rúmmetrar vatns [m³].
11. *Hemill*: Hemill er mælitæki til mælingar á innstilltu aðgengi að hámarksrennsli á heitu vatni. Engin marktæk mælivísun er á hemlum, en hámarksrennsli þeirra er stillt á tiltekna mínútulítra, [l/mín], sem oftast er tekið mið af í gjaldskrá hitaveitunnar.
12. *Hitakerfi*: Hitakerfi er samheiti yfir allan búnað húss sem nýtir hitaveituvatnið, s.s. ofnakerfi, neysluvatnskerfi, snjóbræðslukerfi, lofthitakerfi, loftræstikerfi og stjórngrind með tilheyrandi búnaði. Allar lagnir frá utanhúss tengiskáp og inn að hitakerfi sem og bakrásarlögn eru hluti hitakerfis. Hitakerfi er eign húseiganda nema að kveðið sé á um annað í almennri reglugerð hitaveitunnar eða sérsamningi milli hitaveitunnar og eiganda.
13. *Hitaveita*: Hitaveita sem dreifir og selur heitt vatn og/eða varma til almenningsþarfa á veitusvæði sínu.
14. *Hjárennsli*: Hjárennsli er rennsli úr dreifikerfum hitaveitna framhjá hitakerfi viðskiptavina, framkvæmt af hitaveitunni í þeim tilgangi að auka stöðugleika í vatnshita á sértækum stöðum. Hjárennsli mælist ekki með notkun viðskiptavinar. Óheimilt er að nýta hjárennsli nema með skriflegu samþykki hitaveitunnar. Úthlaup, framhjáhlaup, útrennsli og blæðing eru önnur orð yfir sama hugtak.

15. *Hús þar sem ekki er dagleg viðvera*: Hús þar sem ekki er dagleg viðvera eru byggð á svæði/um sem skv. deiliskipulagi er samþykkt fyrir aðra byggð en íbúðar-, þjónustu- eða iðnaðarbyggð. Slík hús geta verið t.d. sumarhúsaðir, frístundahús; gripahús, hesthús, verbúðir o.fl. Eigandi skal leggja fram vottorð byggingarfulltrúa svæðisins um greiningu húsrýmisins ef hitaveitan óskar þess.
16. *Hönnuður*: Hönnuður er verkfræðingur, tæknifræðingur eða annar sá aðili sem rétt hefur skv. byggingarreglugerð til að hanna og teikna hitakerfi.
17. *ÍST 67-Vatnslagnir*: Staðallinn ÍST 67 miðar við að danski staðallinn DS 439 Norm for vandinstallationer, gildi sem íslenskur staðall með skilgreindum sérákvæðum og athugasemdum. Gildistaka ÍST 67 var 15. nóvember 2013. Um vatnslagnir gilda einnig ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012.
18. *Lokað hringrásarkerfi*: Er þegar dreifikerfi hitaveitunnar er byggt upp af bæði framrásar- og bakrásarpípum og vökva kerfisins er hringrásað um veitukerfið. Bakrásarþrýstingur hitakerfa myndast þá af staðbundnum bakþrýstingsaðstæðum í veitukerfi hitaveitunnar.
19. *Mælitæki*: Mælitæki mælir þá stærð sem sölukerfi byggir á og er ávallt í umsjá og eigu hitaveitunnar eða annars rekstraraðila. Hugtakið mælitæki er notað um allan þann búnað sem þarf í tengslum við mælinguna, mælinn sjálfan, hitaþreifara, reikniverk og samskiptabúnað, auk loftnets. Um mælitækin gilda lög um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006 og reglugerðir settar skv. þeim.
20. *Orkuígildi*: Orkuígildi er sú varmaorka sem reiknuð er út frá mældu rúmmáli og hita framrásarvatns en föstu gildi fyrir hita bakrásarvatns. Samkvæmt reglugerð nr. 561/2012, um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum, er fasta gildið fyrir hita bakrásarvatns sett jafnt 30°.
21. *Orkuígildismælir*: Varmaorkumælir sem breytt er til að mæla orkuígildi, sbr. reglugerð nr. 561/2012, um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum. Mælivísun orkuígildismæla er orkuígildi [MWh eða kWh] og er vísunin stafræn (1 MWh = 1.000 kWh).
22. *Pípulagningameistari*: Löggiltur pípulagningameistari sem vinnur við hitakerfi sem tengist hitaveitunni. Löggiltir pípulagningameistarar eru einu aðilarnir sem mega vinna við uppsetningu og viðhald hitakerfa.
23. *Rb-blað*: Rb-blað eru útgefin af Nýsköpunarmiðstöð Íslands og innihalda tæknilegar upplýsingar um m.a. hönnun og byggingu mannvirkja. Vísað er til Rb-blaða í reglugerðum um byggingarmál.
24. *Stjórngrind*: Stjórngrind er tengi- og stjórnubúnaður á milli tengigrindar og hitakerfa. Stjórngrindin er hluti af hitakerfi eigandans og hans eign nema að kveðið sé á um annað í almennri reglugerð hitaveitunnar eða sérsamningi.
25. *Sölukerfi*: Hitaveitur nota mismunandi sölukerfi til ákvörðunar á gjaldtöku fyrir heitavatnsnotkun. Ýmist er mælt og selt vatnsmagn (heitavatnsmælar), varmamagn (varmaorku- og orkuígildismælar) eða rennslisskammtur (hemlar).
26. *Tengigrind*: Tengigrind er tengibúnaður á milli heimæðar (inntaksloka) og hitakerfis eiganda. Tengigrindin er eign hitaveitunnar og innifelur eftir atvikum mæli, rennslisstilla, hemil, síu og kranavatnsgreiningu.
27. *Varmaorkumælir*: Varmaorkumælir er mælitæki til mælingar á afhentu magni af varmaorku (varma), sbr. reglugerð nr. 561/2012, um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum. Mælivísun varmaorkumæla er varmaorka [MWh eða kWh] og er vísunin stafræn (1 MWh = 1.000 kWh).
28. *Veitukerfi*: Flutnings- og dreifikerfi á veitusvæði ásamt mannvirkjum og búnaði sem er þeim tengdur til og með tengigrind í húsi. Veitukerfið er eign hitaveitunnar að undanskildum heimæðum þegar það á við, sbr. 9. tölulið um heimæð hér að framan.
29. *Veitusvæði*: Landsvæði, eitt eða fleiri, þar sem hitaveitan annast dreifingu og sölu á heitu vatni og varma.
30. *Viðskiptavinur*: Kaupandi heits vatns eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu.

31. *Tvöfalt veitukerfi*: Er þegar dreifikerfi hitaveitunnar er byggt upp af bæði framrásarpípum og bakrásarpípum og bakrásarvatn viðskiptavina er tengt bakrásarluta veitukerfisins. Bakrásarþrýstingur hitakerfa myndast þá af staðbundnum bakþrýstingsaðstæðum í veitukerfi hitaveitunnar. Hluti af veitukerfi hitaveitu getur verið tvöfalt.

3. gr.

Umsókn um tengingu við hitaveitu.

Umsókn um heimæð skal skilað til hitaveitunnar með formlegum hætti, á þar til gerðu eyðublaði eða rafrænu formi sem hitaveitan leggur til. Umsókn skal fylgja hnitsett afstöðumynd í mælikvarða 1:500 og grunnmynd af húsinu þar sem staðsetning hitaveitunnar kemur fram, upplýsingar um stærð húss í rúmmetrum (m^3) eða fermetrum (m^2) úr skráningartöflu hönnuða, fjölda og tegund hitakerfa, áætlaðan fjölda mæla og til hvers húsið skal notað. Tilgreina skal pípulagningameistara sem ber ábyrgð á uppsetningu hitakerfa. Nánari upplýsingar um nýlagnir, tengingar og nauðsynleg fylgigögn fást á skrifstofu eða heimasíðu hitaveitunnar.

Hitaveitu ber að upplýsa umsækjanda um heimæðargjald skv. gildandi gjaldskrá áður en að framkvæmdir við lagn heimæðarinnar hefjast. Heimæðargjaldið er gjaldkræft eftir að umsókn hefur verið samþykkt, en hægt er að kveða nánar á um greiðslufyrirkomulag í gjaldskrá.

Uppdrætti af hitakerfi skal skilað til skrifstofu byggingarfulltrúa til samþykktar áður en hafist er handa við lagningu hitakerfis. Hönnuður skal sjá um að hentugur inntaksstaður fyrir hitaveitu sé í húsinu og skal hann sýndur á byggingarnefndarteikningum. Inntaksstaðurinn skal uppfylla kröfur í þessum tæknilegu skilmálum, byggingarreglugerð og öðrum þeim skilmálum sem hitaveitan kann að setja á hverjum tíma.

Hönnuði ber að kynna sér staðbundin rekstrarskilyrði hitaveitunnar og haga hönnun hitakerfa með tilliti til þeirra.

Allar tengingar við hitaveituna skulu útfærðar í samræmi við:

- Reglugerð þessa um tæknilega tengiskilmála hitaveitna.
- Byggingarreglugerð.
- Reglugerð um hollustuhætti.
- Kröfur Vinnueftirlits ríkisins.
- Kröfur Neytendastofu.
- Reglugerð hitaveitunnar.
- Skilmála hitaveitunnar.
- Staðalinn ÍST 67(DS 439).

Hitaveitan ber ekki ábyrgð á nýlagn, stækkun, breytingum og viðhaldi hitakerfa. Allar breytingar á hitakerfum s.s. vegna viðbygginga, snjóbræðslu, gróðurskála o.fl. skal tilkynna til byggingarfulltrúa. Umsókn um viðbótar tengigrind eða sameiningu tengigrinda skal skilað til hitaveitunnar áður en framkvæmdir hefjast.

II. KAFLI

Rekstrarskilyrði og tengingar við veitukerfi.

4. gr.

Almenn rekstrarskilyrði veitukerfis.

Rekstrarskilyrðin sem hér fara á eftir miðast við eðlilegan rekstur veitukerfisins. Aðstæður í veitukerfunum geta verið mjög mismunandi varðandi þrýsting og hita. Þéttleiki og hæðarlega byggðar er mismunandi og þar af leiðandi er þrýstingur og vatnshiti misjafn frá einum stað til annars.

Hitaveitan mun tilkynna fyrirfram ef unnt er, um rekstrarstöðvanir vegna viðhalds, viðgerða og/eða tenginga. Rekstri verður komið aftur á eins fljótt og kostur er. Jafnframt geta þær aðstæður komið upp tímabundið, að

ekki sé unnt að fylgja rekstrarskilyrðunum til hins ýtrasta. Það er á ábyrgð eiganda að komið sé upp búnaði til að grípa inn í ef viðkomandi hitakerfi þolir illa rekstrarstöðvun.

Hitaveitan undanþiggur sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem rekja má til rekstrarstöðvana, frosts, bilana, þrýstibreytinga, takmarkana á afhendingu heits vatns eða annarra óviðráðanlegra atvika. Ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein er bundin því að beint tjón viðskiptavinar eða eiganda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna eða vanrækslu viðkomandi hitaveitu.

Heita vatnið sem hitaveitan lætur í té er ætlað til þeirrar notkunar sem fram kemur í umsókn um hitaveitutengingu/heimað. Hitaveitan áskilur sér rétt til að endurnýta bakrásarvatn án endurgjalds.

Hitaveitan lætur í té ef óskað er, upplýsingar um áætluð eða reiknuð staðbundin rekstrarskilyrði við tengigrind. Þessi rekstrarskilyrði skulu tilgreind skriflega. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum frávikum sem kunna að verða, umfram ákvæði í reglugerð hitaveitunnar.

Hitaveitunni er heimilt að afla og safna upplýsingum um raun rekstrarskilyrði, þ.e. rennsli, hita, þrýsting, magn og aðrar upplýsingar um mælitækið og ástand þess, við tengigrind til að sannreyna að rekstrarskilyrði veitunnar séu uppfyllt, þ.m.t. persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru til að staðreyna rekstrarskilyrði. Sé áður nefndra upplýsinga aflað og safnað ber hitaveitunni að láta þær í té, óski viðskiptavinarinn þess.

5. gr.

Hiti í veitukerfi.

Vatnshiti frá miðlunargeymum og dælustöðvum hitaveitna getur verið mismunandi, háður eðli jarðhitasvæðis hvers veitukerfis. Vatnshiti frá kyndistöðvum er að jafnaði stöðugur. Framrásarhiti við inntak eiganda er mismunandi, háður fjarlægð inntaksins frá miðlunargeymi, dælustöð eða kyndistöð og heitavatsnotkun viðskiptavina. Framrásarhiti er að jafnaði hæstur þegar kaldast er í veðri, en lækkar við minni notkun og því ekki unnt að setja neðri mörk um framrásarhita.

Hitaveitur setja í reglugerð eða skilmála stefnumörkun um hitaviðmið í dreifikerfi hvers veitu- eða gjaldskrársvæðis. Hitaviðmið nær til eðlilegs reksturs veitukerfa. Í stefnumörkun koma eftirtalin hitaviðmið fram:

- Hiti frá heitavatsgeymi, dælustöð eða kyndistöð við mesta álag.
- Hiti frá heitavatsgeymi, dælustöð eða kyndistöð við minnsta álag.
- Áætlaður meðalframrásarhiti í veitukerfi við mesta álag.

Hönnuður velur stjórnbúnað sem tryggir að ákvæði gildandi laga, reglugerða og staðla, sérstaklega byggingarreglugerðar og ÍST 67 staðals um hámarkshita í hitakerfum, séu uppfyllt.

6. gr.

Þrýstingur í veitukerfi.

Rekstrarviðmið hitaveitu í þrýstingi við inntak eru eftirfarandi:

- Framrásarþrýstingur; minnstur 2 bör og mestur 8 bör.
- Mismunaþrýstingur (milli framrásar og bakrásar); minnstur 1 bar.
- Bakrásarþrýstingur; minnstur 1 bar og mestur 5 bör.

Gera má ráð fyrir breytilegum framrásarþrýstingi í tengigrind eftir álagi í veitukerfinu. Við aukna notkun lækkar framrásarþrýstingur og bakrásarþrýstingur hækkar í tvöföldu kerfi.

Þegar hæð húss er meiri en svo að minnsti framrásarþrýstingur í tengigrind nær ekki að anna þörf hitakerfisins á mismunaþrýstingi, getur eigandi þurft að tengja þrýstiaukadælu við tengigrindina. Tenging þrýstiaukadælu er ávallt háð skriflegu samþykki hitaveitunnar. Í þeim tilfellum sem bakrásarþrýstingur dugar

ekki til að tryggja eðlilegan rekstur hitakerfa skal koma fyrir mótþrýstiloka í bakrásina til að byggja upp nægjanlegan mótþrýsting.

7. gr.

Efnainnihald hitaveituvatns.

Jarðhitavatn inniheldur í litlu magni ýmis steinefni og efnasambönd og eru efnahlutföllin gjarnan breytileg eftir jarðhitasvæðum. Jarðhitavatn uppfyllir að jafnaði ekki kröfur um gæði neysluvatns og flokkast því ekki sem slíkt. Hitaveituvatn jarðhitaveitna er talið hættulaust þótt ekki sé unnt að útiloka að einstaklingar geti haft óþol gagnvart vatninu.

1. Súrefni O_2 . Uppleyst súrefni (O_2) í hitaveituvatni veldur tæringu í stállögnum. Tæringarhraði ræðst m.a. af magni súrefnisins, vatnshitanum, vatnshraðanum og magni klóríðs (Cl) í hitaveituvatninu. Brennisteinsvetni hvarfast með uppleystu súrefni og dregur þannig úr eða eyðir tæringaráhrifunum á stállagnir. Kalt vatn er mettað af uppleystu súrefni og getur því minnsta blöndun þess við hitaveituvatn valdið tæringu. Stálofnar með minnstu efnisþykkt eru að jafnaði viðkvæmustu hlutar hitakerfa gagnvart tæringu af völdum uppleysts súrefnis.
2. Brennisteinsvetni H_2S . Brennisteinsvetni í hitaveituvatni eyðir uppleystu súrefni úr vatninu en veldur tæringu í eirlögnum og hlutum í stjórnbúnaði hitakerfa, sem gerðir eru úr kopar eða koparblöndum (eirmelmi). Sama á við um hluti gerða úr silfri. Tæringarhraðinn ræðst af magni brennisteinsvetnisins í hitaveituvatninu.
3. Sýrustig, pH-gildi. Tæring á stáli eykst við lækkandi pH-gildi. Ál er stöðugur málmur við pH-gildi milli 6 og 8 en tæringaráhrifa fer að gæta við pH-gildi undir og yfir því sviði. Við pH-gildi um og yfir 8,5 leysist áloxíð-húðin upp. Algengt pH-gildi jarðhitavatns (styrkur vetnis) er 8,8-9,6 og það er á mörkum hins viðráðanlega fyrir áhluti.
4. Íblöndun natríumsúlfiðs, Na_2SO_3 . Þegar hitaveituvatn er snautt af brennisteinsvetni kann hitaveitan að þurfa að blanda natríumsúlfiði í vatnið til eyðingar á uppleystu súrefni. Hitaveitur blanda ekki natríumsúlfiði í vatnið nema að undangenginni skriflegri heimild heilbrigðisyfirvalda.

Hitaveitunni er heimilt að blanda litarefni í vatn í lokuðum hringrásarkerfum til lengri eða skemmri tíma í þeim tilgangi að staðsetja leka, finna hitakerfi sem torvela beina nýtingu á hringrásarvatninu eða tengd eru veitukerfinu beint. Íblöndunarefni skulu uppfylla kröfur heilbrigðisyfirvalda.

Æskilegt er að eigandi tengi varmaskipti við stjórngrind sína þannig að hitaveituvatn komist ekki í beina snertingu við hitakerfi, sjá þó 5. mgr. 10. gr. þar sem gerð er krafa um að öll hitakerfi sem tengjast lokuðum hringrásarkerfum séu ætíð tengd gegnum varmaskipti. Þegar varmaskiptar hafa verið hreinsaðir með þar til gerðum efnum skal tryggt að skolun þeirra sé fullnægjandi áður en þeir eru endurtengdir.

8. gr.

Tengingar við hitaveitu.

Hitaveitan ákveður í gjaldskrá heimæðagjöld sem og aðra söluskilmála.

Heimæð liggur frá götulögn eða tengibrunni og inn fyrir húsvegg eða í utanhúss tengiskáp eiganda að inntaksloka í tengigrind hitaveitunnar. Almennt er ekki lögð nema ein heimæð á hverja lóð. Í raðhús, parhús og hliðstæð hús er þó almennt afgreidd ein heimæð í hvert hús, þ.e. hverja einingu. Lega heimæðar er háð aðstæðum á lóð hverju sinni, en ætíð skal reynt að fara stystu mögulegu leið frá götulögn.

Þegar um nýbyggingar er að ræða skal hentugur inntaksstaður sýndur á byggingarnefndarteikningum. Inntaksstaður skal vera við útvegg á þeirri hlið húss sem snýr að heimæðarlögn. Staðsetning inntaks í eldri byggingar er ákveðin í samráði við eiganda og skal uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar.

Hönnuður ákveður varmapörf/heitavatnspörf hitakerfa að teknu tilliti til neysluvatnsþarfar og mælir með stærð heimæðar miðað við heitavatnspörfina. Hönnuði er skylt að kynna sér vel skilmála hitaveitunnar bæði

almenna og þá skilmála sem kunna að gilda fyrir viðkomandi byggingarsvæði. Jafnframt skal hönnuður kynna sér áætlaðan vatnshita og þrýsting í veitukerfinu á hönnunarstað.

Eigandi þarf að sækja tímanlega um heimæð, hvort sem um er að ræða nýja heimæð, færslu, breytingu eða aftengingu. Hitaveitan áskilur sér eðlilegan tíma fyrir hönnun, skipulagningu og framkvæmdir við lagningu heimæða. Hitaveitunni ber að skilgreina hæfilega tímalengd vegna ofangreinds í skilmálum sínum. Eigandi sem sækir um endurtengingu á heimæð sem áður hafði verið aftengd veitukerfinu, greiðir fyrir það skv. gjaldskrá.

Áður en heimæð er lögð skal fylla að húsi og grófjafna lóð í sem næst endanlega hæð. Tryggja skal að hitaveitan hafi óhindraðan aðgang að lagnaleið innan lóða. Heimæðar eru að jafnaði ekki lagðar ef frost er í jörðu nema gegn greiðslu þess aukakostnaðar sem því fylgir. Samþykkt umsókn eiganda um heimæð þarf að liggja fyrir eigi síðar en kveðið er á um í söluskilmálum hitaveitunnar þannig að ekki komi til aukakostnaðar af þessum sökum. Aðgengi að inntaksstað þarf að vera tryggt á hverjum tíma.

Þar sem hitaveitan krefst að settur verði upp utanhúss tengiskápur, sbr. 17. gr., skal hann rúma tengigrind hitaveitunnar og skal kostnaðurinn greiddur af eiganda. Utanhúss tengiskápar skulu uppfylla tækniröfur hitaveitunnar og kröfur um lágmarksstærð. Vegna hættu á frostsKemmdum skal eigandi ganga þannig frá hitakerfi að tryggt sé að rennsli stöðvist ekki í heimæð. Allar lagnir frá utanhúss tengiskáp og inn að hitakerfi sem og bakrásarlögn eru hluti hitakerfis. Eigandi gengur frá tengingu bakrásarlagnar í frostfrítt viðurkennt frárennsliskerfi sbr. Rb-blað nr. (53) 012. Þegar utanhúss tengiskápur er varinn af hálfu hitaveitunnar með hjárennsli, skal tryggja tengingu þess beint í grávatnslögn eða frárennsliskerfi. Óheimilt er að nýta þetta hjárennsli í snjóbræðslu, heita potta o.þ.h.

Þegar viðgerða er þörf eða um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða á heimæð sem er í eigu hitaveitunnar, mun hitaveitan annast frágang lóðar. Ef eigandi hefur með framkvæmdum á lóð eftir að heimæð hefur verið lögð augljóslega valdið röskun á eðlilegu aðgengi að heimæð, getur hitaveitan krafist eiganda um afleiddan viðbótarkostnað við framkvæmdir innan lóða. Ef eigandi óskar eftir færslu eða breytingu á heimæð ber hann af því allan kostnað. Áður en til framkvæmda kemur upplýsir hitaveitan umsækjanda um áætlaðan framkvæmdakostnað.

Þegar foreinangraðrar inntaksbeygju er krafist til tengingar heimæðar skal koma henni fyrir í sökkli samkvæmt verklagsreglum hitaveitunnar. Eigandi skal útfæra þessa vinnu fari hitaveitan fram á það. Hitaveitan ákveður í skilmálum hvort eigandi skuli leggja inntaksbeygjuna til.

Þegar hitaveitan krefst ídráttarrörs fyrir inntakspípu skal eigandi sjá um þéttingu þess í vegg. Pípulagningameistari tryggir réttan frágang ídráttarrörs skv. verklagsreglum hitaveitunnar og að það sé ídráttarhæft. Ídráttarröri skal skilað með ídráttartaug úr næloni eða sambærilegu. Hitaveitan annast vatnspéttingu inntakspípu við ídráttarrör. Hitaveitan ákveður í söluskilmálum hvort eigandi skuli leggja ídráttarrörið til.

Þegar hitaveitan býður tengikostinn "allar veitur - ein tenging", er lagt ídráttarrör frá götu í veggmát húss. Hitaveitan leggur heimæð og tengir við tengigrind. Hitaveitan annast vatnspéttingu á milli ídráttarrörs og veggmatans. Eigandi leggur og kostar gólfmát og veggmát ásamt ídráttarröri á milli máta. Pípulagningameistari tryggir réttan frágang ídráttarrörs skv. verklagsreglum hitaveitunnar og að það sé ídráttarhæft. Hitaveitan ákveður í söluskilmálum hver annast og kostar lagningu ídráttarrörs frá götu.

Um lagningu bráðabirgðaheimæða fer eftir ákvörðun hitaveitunnar hverju sinni.

9. gr.

Tengigrind hitaveitu.

Tengigrind skal að jafnaði koma fyrir við inntaksloka. Ef tengigrind er annars staðar skal lögn þangað vera óhulin, án greinistykkja og vel aðgengileg starfsfólki hitaveitunnar. Sérstakt leyfi þarf frá hitaveitu ef af sérstökum ástæðum er ekki hægt að koma tengigrind fyrir við inntaksloka. Ef tengigrind er ekki við inntaksloka getur hitaveitan krafist eigandann um kostnað af lögninni frá inntaksloka að tengigrind og að sú lögn verði framvegis á ábyrgð hans. Niðurfall skal ávallt vera í nánd við tengigrind og við inntaksloka.

Hæð mælitækis í tengigrind skal vera mest 1,2 metrar og minnst 0,5 metrar frá fullfrágengnu gólfi. Hæð ofan við mælitæki að lofti skal vera minnst 0,7 metrar, engin fyrirstaða má vera í milli. Óheimilt er að byggja sérstakleg utan um og loka af tengigrind, hitaveitan þarf að minnsta kosti 1,5 metra fyrir framan tengigrind og 0,5 metra til hvorrar hliðar við mælitæki, svo þjónusta megi tengigrindina og mælitæki. Þegar tengigrind er staðsett í tengiskáp utanhúss skal gera ráð fyrir staðsetningu mælubúnaðar þannig að hann sé vel aðgengilegur og auðveldur aflestrar.

Tengigrind skal ætíð vera aðgengileg starfmönnum hitaveitunnar, þannig að hægt sé að lesa af mælum á auðveldan hátt og þjónusta búnað hitaveitunnar í tengigrind.

Staðsetning tengigrinda skal sýnd á byggingarnefndarteikningum. Inntaksrými fyrir heitt vatn skal vera í samræmi við byggingarreglugerð.

Þegar búnaður í tengigrind er innsiglaður s.s. mælar, hemlar, rennslisstillar og hitaþreifarar skal eigandi tryggja að innsigli verði ekki fyrir hnjaski. Eiganda ber umsvifalaust að tilkynna til hitaveitunnar ef vart verður rofs á innsigli. Aðeins hitaveitan og fulltrúar hennar mega rjúfa innsigli á tengingum. Innsigli mæilverks má ekki rjúfa nema á faggiltri prófunarstofu.

Í tengigrind er sía sem þjónar þeim tilgangi að minnka líkur á að óhreinindi komist í hitakerfi eiganda og valdi truflunum á rekstri þess. Sían er eign hitaveitunnar sem annast endurnýjun hennar. Hitaveitan hreinsar síu eftir þörfum.

Hitaveitan getur ákveðið að takmarka hámarksflæði í tengigrind með þar til gerðum rennslisstillum. Hitaveitan velur stilligildin þannig að tryggt sé að þau skerði ekki eðlilegan aðgang að heitu vatni til hitakerfis eiganda. Rennslisstillar skulu innsiglaðir af hitaveitunni og sýnilega merktir með raunstilligildum.

Þar sem veitukerfi er tvöfalt ber eiganda að tengja bakrennsli frá húskerfi sínu við tengigrind. Þar sem veitukerfi er einfalt ber eiganda að safna bakrennsli frá húskerfi sínu nálægt tengigrind þannig að auðvelt sé að tengja við tengigrindina ef hitaveitan breytir í tvöfalt kerfi.

10. gr.

Hitakerfi.

Hitakerfi er eign húseiganda nema að kveðið sé á um annað í almennri reglugerð hitaveitunnar eða sérsamningi milli hitaveitunnar og eiganda. Hitakerfi getur samanstðið af stjórngrind og t.d. ofnakerfi ásamt neysluvatnskerfi sbr. 12. tölulið 2. gr. Stjórngrindina skal staðsetja við tengigrind hitaveitunnar.

Hönnuður velur stjórnubúnað fyrir hitakerfi. Stjórnubúnaður hita- og neysluvatnskerfa er utan ábyrgðarsviðs hitaveitunnar. Stjórnubúnaðurinn skal tryggja að forsendur fyrir umsókn um stærð heimæðar verði uppfylltar. Hitaveitan gerir að jafnaði ekki kröfur til hitakerfa umfram það sem tekið er fram í byggingarreglugerð og í þessari grein.

Hönnuðir skulu kynna sér staðbundin rekstrarskilyrði hitaveitunnar og miða hönnun hitakerfa og efnisval við þau. Vatnshiti, þrýstingur og efnasamsetning vatns eru staðbundin rekstrarskilyrði veitukerfa.

Ekki er heimilt að tengja þrýstiaukadælu við stjórngrind eiganda nema með skriflegu leyfi hitaveitunnar.

Ætíð skal tengja hitakerfi sem tengjast lokuðum hringrásarkerfum í gegnum varmaskipta.

Hitaveitan tekur ekki á sig með þessum skilmálum, neina ábyrgð á hitakerfum.

Hitaveitan getur krafist breytinga á hitakerfum, ýmist fyrir eða eftir tengingu við veitukerfið, ef af þeim stafar bein slysaætta, eða tækjabúnaður eða virkni hans hefur óæskileg áhrif á rekstur veitukerfisins eða nærliggjandi hitakerfi. Dæmi um slíkt er marktækt þrýstihögg, hávaði eða millirennisli. Það sama gildir þegar vatn í lokuðum hringrásarkerfum er notað beint í hitakerfum. Breytingar á hitakerfum eru í öllum tilfellum á kostnað eiganda.

III. KAFLI

Mælar og sölukerfi.

11. gr.

Sölukerfi.

Hitaveitu er skylt að mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti það hitaveituvatn sem hún afhendir eða tekur við í samræmi við reglur þar að lútandi. Einnig er henni skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort hún fullnægi skyldum sínum.

Sé selt um mæli eða hemil setur hitaveitan eða fulltrúar hennar upp mælitæki og innsiglar þau og fylgihluti þeirra, s.s. heitavatnsmæli, hitaþreifara og reikniverk.

Hitaveitan ábyrgist allt viðhald mælitækja og að þau séu prófuð skv. gildandi reglum. Mælitæknileg gæði þeirra skulu uppfylla ákvæði viðkomandi reglugerða.

Aðeins starfsfólk hitaveitunnar eða fulltrúar hennar mega rjúfa innsigli á mælitækjum og tengingum mælitækja. Innsigli mæliverks má ekki rjúfa nema á faggiltri prófunarstofu. Viðskiptavinir skulu tilkynna strax til hitaveitunnar ef vart verður rofs á innsigli mælitækja og tenginga. Við rof á innsigli mælitækis fellur löggilding mælitækisins úr gildi og sviptir viðskiptavin rétti til leiðréttingar vegna skekkju í mælingu ef upp kemur.

Viðskiptavinum er skylt að tryggja greiðan aðgang að mælitæki til álesturs, eftirlits og viðhalds.

Hitaveitunni er heimilt að tengja sjálfvirkan aflestrarbúnað við mælitækið sem getur flutt og móttækið upplýsingar úr því með ýmist þráðlausum hætti yfir eða eftir merkjalögnum í og úr kerfi hitaveitunnar. Þannig getur hitaveitan safnað upplýsingum um rennsli, hita og magn, auk þess að taka við tímastimpluðum boðum frá mælitækinu ef bilun á sér stað eða ef átt er við mælitækið.

Unnt er að sækja um til hitaveitunnar heimild til tengingar stýristrengs fyrir t.d. hússtjórnarkerfi. Eigandi ber allan kostnað af lagningu og tengingu stýristrengsins. Jafnframt skal hann bera hluta af kostnaði við mælaskipti skv. samkomulagi við hitaveituna, þegar þeirra er þörf.

Ef óskað er eftir prófun á mælitæki skal senda hitaveitunni skriflega beiðni þess efnis. Hitaveitan lætur þá faggilta prófunarstofu prófa mælitækið skv. gildandi reglugerð þar um. Ef mælitækið reynist innan tilskilinna skekkjumarka skv. reglugerð, er það sett upp aftur og kostnaður við prófunina fellur á viðskiptavininn. En ef skekkjan reynist utan tilskilinna skekkjumarka þá ber hitaveitunni að setja upp nýtt mælitæki, greiða kostnað við prófunina og leiðrétta notkunargjöld viðkomandi viðskiptavinar.

Ekki skal miða leiðréttingu notkunargjalda viðskiptavina til hækkunar, þ.e. þegar mælitæki hefur sýnt of litla notkun, við lengra tímabil en eitt ár, enda hafi viðskiptavininn ekki verið ljóst eða mátt vera það ljóst, að um bilun mælitækis væri að ræða. Ef um er að ræða leiðréttingu notkunargjalda til lækkunar, þ.e. endurgreiðslu til viðskiptavina í þeim tilvikum sem mælitæki hefur sýnt of mikla notkun, skal miða við þann tíma sem mælitækið hefur sýnt of mikla notkun, þó ekki lengur en fjögur ár aftur í tímann. Sama gildir ef prófun á mælitæki fer fram að frumkvæði hitaveitu, en í þeim tilvikum fellur kostnaður við prófun ávallt á viðkomandi hitaveitu.

Við leiðréttingu á reikningum skal miða við mælt frávik mælitækisins að teknu tilliti til fyrri notkunar viðkomandi viðskiptavinar og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingar um það hvenær mælitækið bilaði.

12. gr.

Mælar.

Um heitavatnsmæla gildir reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með vatnsmælum nr. 1062/2008.

Um varmaorku- og orkuúgildismæla gildir reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum, nr. 561/2012.

Mælar geta verið rafdrifnir ýmist frá innbyggðri rafhlöðu mælisins eða frá 230 V/50 Hz rafkerfi húss viðskiptavinar. Raforkunotkun mælisins er óveruleg, mælist með annarri raforkunotkun viðskiptavinar og greiðist af honum.

Varmaorku- og orkuígildismælar mæla og reikna ýmsar hagnýtar stærðir tengdar orkunotkuninni, sem unnt er að framkalla á skjá mælisins. Viðskiptavinum er heimilt að nýta sér þessar upplýsingar við að framkalla þær með hjálp utánáliggjandi þrýstihnappa mælisins.

Þegar hitaveita velur að mæla orkuígildi er bakrásarhiti fast innstilltur, sbr. reglugerð nr. 561/2012, um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum.

Í því skyni að tryggja hagkvæmni í rekstri, til að geta metið nýtingu í veitukerfi hitaveitu og/eða til að geta gripið til viðeigandi og eftir atvikum fyrirbyggjandi aðgerða er hitaveitu heimilt að tengja rennslismæli og/eða hitaþreifara við bakrásarlagnir frá hitakerfum, óháð því hvort veitukerfi sé tvöfalt eða ekki. Á þetta við hvort sem verið er að selja orku eða orkuígildi og óháð eignarhaldi á bakrásarlögninni. Til að draga úr soun orku og til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif óeðlilega heits vatns úr bakrásarlögnum á umhverfið er hitaveitunni einnig heimilt að nýta framangreindar upplýsingar til að upplýsa viðskiptavini í þeim tilfellum sem hiti í bakrás er óeðlilega hár.

13. gr.

Hemlar.

Hemlar eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Hitaveitan setur upp hemla, stillir þá og innsiglar. Hitaveitan merkir á skýran hátt við hemil stilligildi hemils í l/mín (mínútulítrum).

Viðskiptavinur eða hönnuður hitakerfis ákveður stilligildi hemils í l/mín og sækir um til hitaveitunnar. Breyting á stilligildi hemils fer fram samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá hitaveitunnar.

14. gr.

Önnur mæla- og sölukerfi.

Óski hitaveita eftir að selja vatn og/eða varma með öðrum hætti en að framan greinir, skal sölufyrirkomulaginu lýst í skilmálum hennar og þeir staðfestir af ráðherra.

IV. KAFLI

Áhleyplingar.

15. gr.

Varanleg áhleypling.

Pípulagningameistari sækir um áhleyplingu til hitaveitunnar fyrir hönd eiganda með formlegum hætti, á þar til gerðu eyðublaði eða rafrænu formi sem hitaveitan leggur til.

Hitaveitunni er heimilt að neita áhleyplingu á tengigrind ef ekki hefur verið farið eftir reglugerð þessari, reglugerð hitaveitunnar og öðrum gildandi skilmálum hennar. Pípulagningameistarinn ber fulla ábyrgð á því beina og óbeina tjóni eiganda og/eða hitaveitunnar sem af slíkri neitun kann að leiða.

Áður en hitaveitan hleypir vatni á tengigrind þarf hús að vera fokhelt og dyrum og gluggum lokað á tryggan hátt (ÍST 51, byggingastig 4) og að auki þurfa heimæðargjöld að vera greidd.

Aðeins fulltrúa hitaveitunnar er heimilt að hleypa vatni á tengigrind og fer það fram á eftirfarandi hátt:

- Fulltrúi hitaveitunnar skolar heimæðina út um síu á inntaksgrind.
- Fulltrúi hitaveitunnar hleypir vatni á tengigrind hitaveitunnar. Hann innsiglar búnað tengigrindarinnar skv. reglugerð þessari og merkir mælibúnað.
- Þegar tenging mælitækis hefur verið innsigluð, er heimilt að hleypa á hitakerfi eiganda án þátttöku fulltrúa hitaveitunnar.

- Hitaveitan getur krafist þess að pípulagningameistari sé viðstaddur áhleypingu.

Pípulagningameistari framkvæmir allar stillingar í stjórnbúnaði hitakerfis eiganda og tryggir að virkni þess uppfylli hönnunarmarkmið.

Hitaveitan ber ekki ábyrgð, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, á kerfislegum rekstri hitakerfis. Eftir varanlega áhleypingu ber hitaveitan ekki ábyrgð á, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, ef búnaður hennar eða eiganda, þ.m.t. mælíbúnaður, verður fyrir frostskekkjum eða öðrum skekkjum þótt tímabundið rof verði á þjónustu eða ef loft kemst inn á lagnir vegna vinnu við veitukerfið.

16. gr.

Bráðabirgðaáhleyping.

Pípulagningameistari sækir um bráðabirgðaáhleypingu fyrir hönd eiganda með formlegum hætti, á þar til gerðu eyðublaði eða rafrænu formi sem hitaveitan leggur til.

Bráðabirgðaáhleyping er aðeins heimiluð í undantekningartilfellum og ávallt tímabundin. Gildistími bráðabirgðatenginga skal skilgreindur í umsókn.

Kostnað vegna bráðabirgðaáhleypingar greiðir eigandi skv. gildandi gjaldskrá hitaveitunnar.

Hitaveitan ber ekki ábyrgð, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, á frostskekkjum eða öðrum skekkjum sem tengibúnaður hennar, þ.m.t. mælalabúnaður, kann að verða fyrir á tengitíma bráðabirgðatengingar.

Fyrir bráðabirgðaáhleypingu skal eftirfarandi vera uppfyllt:

- Heimaæðargjald og kostnaður við bráðabirgðaáhleypingu skal vera greitt.
- Á hitakerfinu skal vera sá stjórnbúnaður sem hitaveitan kann að skilyrða fyrir samþykkt um bráðabirgðatengingu.
- Sýnt hafi verið fram á að rekstur bráðabirgðatengingarinnar valdi ekki truflunum í veitukerfinu.

Bráðabirgðaáhleyping fer fram á sama hátt og kveðið er á um í 15. gr. um áhleypingu.

V. KAFLI

Úrræði og úrbótaskylda.

17. gr.

Heimildir hitaveitu.

Viðskiptavinum eða eftir atvikum eigendum fasteigna ber að hlíta tilmælum hitaveitu um úrbætur á hitakerfum til að tryggja aðgengi og öryggi starfsfólks hitaveitu vegna vinnu við mæla (þ.m.t. álestur mælis) og tengigrind sem og vegna atriða sem upp kunna að koma við hitakerfi sbr. 10. gr. Hið sama á við í þeim tilgangi að tryggja að uppfylltar séu aðrar kröfur þessarar reglugerðar.

Í húsum þar sem ekki er dagleg viðvera, inntaksstaður uppfyllir ekki kröfur hitaveitunnar eða í þeim tilfellum sem hitakerfi tengist ekki byggingu, getur hitaveitan krafist þess að settur verði upp utanhúss tengiskápur til að tryggja fullnægjandi aðgengi og öryggi starfsfólks hitaveitu. Tengiskápurinn skal uppfylla kröfur 7. mgr. 8. gr. Framkvæmdin er í öllum tilfellum á kostnað eiganda.

Hitaveitu er heimilt að grípa til eftirfarandi aðgerða, verði úrbótakröfum skv. reglugerð þessari ekki sinnt innan þeirra tímamarka sem hitaveitan setur:

- Rjúfa tengingu viðkomandi hitakerfa við veitukerfið.
- Framkvæma úrbætur á kostnað eigenda.

Heimild til að rjúfa tengingu við veitukerfið getur einnig í undantekningartilfellum, að undangenginni skriflegri viðvörðun, tekið til þeirra tilvika þegar fyrir aðgerðir eða aðgerðarleysi viðskiptavina eða eftir

atvikum eigenda fasteigna næst ekki að lesa af mæli, sinna nauðsynlegu viðhaldi eða endurnýjun á mælabúnaði. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíks rofs. Rof tengingarinnar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu viðskiptavinar á skuldum við hitaveituna.

Í þeim tilfellum þar sem hitaveitan telur þörf á úrbótum skal eiganda gefinn, með skriflegum hætti, að lágmarki 6 vikna frestur til að bæta úr. Í öðrum tilfellum, sem snúa ekki að úrbótum, þar sem rjúfa á tengingu við veitukerfið skal skrifleg viðvörðun send eiganda og viðskiptavini með 30 daga fyrirvara. Sé um að ræða brýn öryggismál viðskiptavina, starfsfólks hitaveitunnar eða annarra aðila, eða bráð hætta er á tjóni á búnaði hitaveitunnar er hitaveitunni heimilt að grípa til tafarlausráðsgerða.

18. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 82. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni nr. 890/2012.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. mars 2021.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingi Már Pálsson.

Hreinn Hrafnkelsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.